

## REGLUGERÐ

### um gjalddöku vegna tjaldstæða og þjónustu í Vatnajökulsþjóðgarði.

#### 1. gr.

Gjaldtaka er heimil innan Vatnajökulsþjóðgarðs fyrir veitta þjónustu og aðgang að svæðinu, eftir því sem nánar er kveðið á um í 2. og 3. gr. Virðisaukaskattur og gistináttaskattur er ekki innifalinn í gjaldi samkvæmt 2. gr. Virðisaukaskattur er innifalinn í gjaldi samkvæmt 3. gr.

#### 2. gr.

Gjald fyrir einn í gistingu í eina nótt á tjaldstæði í tjaldi, fellihýsi, tjaldvagni, hjólhýsi eða húsbíl:

1. Almennt gjald	kr. 1.300
2. 13 til 16 ára börn, í fylgd með fullorðnum	kr. 650
Aðgangur 12 ára og yngri barna, í fylgd með fullorðnum, að tjaldstæði er gjaldfrjáls.	
Gjald fyrir gistingu í skála eina nótt	kr. 5.200

#### 3. gr.

Gjald fyrir aðra þjónustu:

1. Sturtugjald, eitt skipti	kr. 500
2. Rafmagn fyrir húsbíl, hjólhýsi og fellihýsi, einn sólarhringur	kr. 800
3. Afnot af þvottavél, eitt skipti	kr. 500
4. Afnot af þurrkara, eitt skipti	kr. 500
5. Gjald vegna almenns aðgangs að aðstöðu í skála, einn dagur	kr. 500
6. Tjaldleiga, einn sólarhringur	kr. 2.500
7. Sértek þjónusta við ferðamenn skv. beiðni, sem felur í sér sérstakt vinnuframlag af hálfu starfsmanna þjóðgarðsins og akstur	kr. 10.000 hver klst.
8. Kortabæklingur	kr. 550 stk.
9. Aðrir bæklingar	kr. 350 stk.

#### 4. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt heimild í 21. gr. laga nr. 60/2007, um Vatnajökulsþjóðgarð, öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð um gjalddöku vegna tjaldstæða og þjónustu í Vatnajökulsþjóðgarði, nr. 218/2012.

*Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 29. janúar 2013.*

F. h. r.

**Sigríður Auður Arnardóttir.**

*Steinunn Fjóra Sigurðardóttir.*